



Menningarstefna Skútustaðahrepps 2019-2022



Velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps
Júní 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leiðarljós og framtíðarsýn	4
Sköpun – Menningarleg sérstaða – Samstarf	4
Stefna og markmið	5
Mögulegar leiðir	6
Fylgiskjal 1 – Viðburðalisti	7
Fylgiskjal 2 – Hugmyndabanki	8

Inngangur

Á undanförunum mánuðum hefur velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps unnið að gerð menningarstefnu fyrir hreppinn. Í vinnu nefndarinnar hefur verið litið til sameiginlegrar stefnu sveitarfélaganna á starfssvæði Eypings í menningarmálum en þó með svæðisbundnum áherslum.

Með stefnu þessari er leitast við skýra aðkomu sveitarfélagsins að lista- og menningarlífi í Skútustaðahreppi í samvinnu við önnur sveitarfélög og stofnanir.

Það er vilji velferðar- og menningarmálanefndar að byggja upp og styðja við fjölbreytt og skapandi samfélag í Skútustaðahreppi.

Stefnu þessari er ætlað að vera hvatning þeim fjölmörgu ólíku aðilum sem vinna á sviði lista og menningar.

Skútustaðahreppi, apríl 2019

Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, formaður nefndar
Dagbjört Bjarnadóttir
Jóhanna Njálisdóttir
Ólafur Þ. Stefánsson
Sæmundur Þór Sigurðsson

Leiðarljós og framtíðarsýn

Skútustaðahreppur vill stuðla að öfluggu og frjóu lista- og menningarlífi í sveitafélaginu í samstarfi við íbúa, félagasamtök og opinbera aðila. Ennfremur að búa í haginn fyrir skapandi, lifandi listastarfsemi og stuðla að þátttöku íbúanna á því sviði.

Því setur velferðar- og menningarmálanefnd fram stefnu sem á að vera lifandi og í sífelldri endurskoðun.

Sköpun – Menningarleg sérstaða – Samstarf

Nánari skýring á þeim hugtökum sem notuð eru í leiðarljósi Skútustaðahrepps:

Sköpun

Samkvæmt íslenskri orðabók er sköpun að búa eitthvað til. Hvatt verður til lifandi þátttöku og sköpunar íbúa, frá þeim yngstu og til þeirra elstu þar sem hugmyndaflug og frumsköpun fær að njóta sín.

Menningarleg sérstaða

Skútustaðahreppur vill leitast við að varðveita og miðla menningarlegri sérstöðu sveitarfélagsins s.s. matar-, veiði-, söng- og danshefð. Meðal annars með að endurvekja og viðhalda menningarviðburðum og hefðum sem byggja á sögulegri sérstöðu í sveitarfélaginu. Sjá fylgiskjal 1.

Stuðla að öflun upplýsinga um menningarsögu frá upphafi byggðar til samtímans og miðlun hennar.

Samstarf

Samstarf miðar að því að tengja saman fólk og hugmyndir. Samstarf getur verið innan sveitarfélagsins eða óháð staðsetningu, milli listgreina, ólíkra aldurshópa og einstaklinga.

Stefna og markmið

Skútustaðahreppur setur sér eftirfarandi markmið fyrir tímabilið 2019-2022:

- Efla menningarstarf í sveitarfélaginu, hlúa að því sem fyrir er og skapa forsendur fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.
- Efla vitund íbúa um menningararfleifð, sögu og sérkenni svæðisins.
- Stuðla að sem fjölbreyttustu framboði á listviðburðum og menningarstarfi í sveitarfélaginu.
- Stuðla að því að börn og ungmenni verði virkir þátttakendur í menningarstarfi.
- Leitast verður við að tvinna saman listgreinar og stuðla að samstarfi milli aldurshópa.
- Stuðla að auknu samstarfi við nágrannasveitarfélög, menningar- og fræðastofnanir.

Mögulegar leiðir

Efla menningarstarf í sveitarfélaginu, hlúa að því sem fyrir er og skapa forsendur fyrir nýsköpun á sviði menningarmála.

- Hvetja og styðja sköpun á sviði lista- og menningar.
- Hvetja til samvinnu og styðja við menningarviðburði í sveitarfélaginu.
- Styðja við nýsköpun á sviði menningarmála, til dæmis fjöl- og samtímamenningar.
- Stuðla að auknu samstarfi við nágrannasveitarfélög og menningarstofnanir.

Efla vitund um menningararfleifð, sögu og sérkenni svæðisins.

- Leitast við að endurvekja hefðir og glæða þær nýju lífi.
- Leitast við að varðveita menningarhefðir og miðla þeim til íbúa og gesta.
- Leitast við að vekja athygli og vitund um menningarlega sérstöðu svæðisins.
- Hvetja fræðimenn á sviði búsetu og menningar til að kynna störf sín og rannsóknir.

Stuðla að sem fjölbreyttustu framboði á listviðburðum og menningarstarfi í sveitarfélaginu

- Veita menningarstyrki tvisvar á ári.
- Veita menningarverðlaun árlega.
- Efla utanaðkomandi samstarf.

Stuðla að því að börn og ungmenni verði virkir þátttakendur í menningarstarfi.

- Hvetja öll skólastig til að vinna saman að fjölbreyttum menningarverkefnum.
- Hvetja öll skólastig til þátttöku í stærri samvinnuverkefnum sem stuðla að aukinni þekkingu og sköpun á sviði lista og menningar.
- Hvetja til þátttöku barna og ungmenna í menningarhefðum í sveitarfélaginu, til dæmis með söngstundum og kennslu í fjórrödduðum söng.

Fylgiskjal 1 – Viðburðalisti

Listi í tímaröð yfir sérstaka viðburði í sveitarfélaginu. Hvort tveggja er um að ræða viðburði sem nú þegar eru haldnir og hugmyndir að viðburðum. Hugmyndir eru skáletraðar.

Hér gæti líka verið listi yfir einstaklinga sem hægt væri að leita til, til að miðla þekkingunni.

1. Þorrablót
2. Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands
3. Hestar á Ís/Horses on Ice
4. Mývatnssleðinn – annað hvert ár
5. *Gönguskíðahelgi*
6. Músík í Mývatnssveit, klassískir tónleikar á skírdag og föstudaginn langa
7. Píslargangan
8. Páskaeggjaleit ÍMS
9. Páskabingó Mývetnings
10. Ruslatínsla
11. Mývatnssmarabon, haldið í maí
12. Hraunhlaupið, utanvegahlaup í tengslum við Mývatnssmarabonið
13. Lake Mývatn concert series
14. 17. júní hátíðardagskrá
15. *Heimboð Jólasveinanna í Dimmuborgum á Jónsmessunótt. Enduvekja það.*
16. Fjárlögin
17. Réttir í byrjun september
18. Slægjufundur
19. Árs hátíð Reykjahlíðarskóla
20. Aðventudagskrá í Mývatnssveit
21. Aðventuhátíð Jólasveinanna í Dimmuborgum
22. Jólabað Jólasveinanna í Dimmuborgum í Jarðböðunum við Mývatn
23. Aðventuhlaup/ganga ÍMS
24. Jólbingó Mývetnings
25. Þorláksmessutónleikar

Fylgiskjal 2 – Hugmyndabanki

Menningardagskrár sem byggja á sérstöðu sveitarfélagsins. Markmið að auka fræðslu og þátttöku íbúa í menningarstarfi.

Verkefni sem byggja á matar- og veiðihefðum. Markmið að varðveita sögu, geymsluaðferðir, framreiðslu og neyslu matvæla sem skapað hafa sveitarfélaginu sérstöðu. Verkefnin geta verið samstarf margra aðila á svæðinu auk fleiri aðila t.d. kvikmyndatöku manna eða nema í kvikmyndaskólanum.

Menningarhátíð sem byggir á matar- og veiðihefðum. Auk þess sem tónlistarhefðum s.s. fjögurra radda söng verði gerð góð skil.

Ungu fólki í sveitarfélaginu verði gert kleift að taka þátt í samvinnuverkefnum á svæðinu.

Hvetja unga brottflutta listamenn og listnema til að vera með viðburði á æskulóð.